

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarherbergi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólgötu 4, 4. hæð, þriðjudaginn 21. nóvember 2016 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Ásta Kristín Benediksdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Steinunn Njálisdóttir, Þórhildur S. Sigurðardóttir og Þröstur Helgason. Guðrún Rögnvaldardóttir tilkynnti forföll. Iuliana Kalenikova, Steinunn Stefánsdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson mættu ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð. Ágústa Þorbergsdóttir frá stofnuninni var einnig viðstödd fundinn.

1. Áhersluatriði Íslenskrar málnefndar á næsta ári: ritun, ritþjálfun og bókmenntamálið

Formaður sagði að nú hæfist nýtt starfsár ÍM og að í stefnuskrá nefndarinnar 2015–2019 hefði verið ákveðið að leggja áherslu á ritun, ritþjálfun og bókmenntamálið á næsta ári. Í fundarboði hafði verið óskað eftir hugmyndum fundarmanna um hvernig útfæra mætti þessi markmið. Ármann reifaði málið. Ritþjálfun þyrfti að komast inn í stundaskrár, styrkja þarf bókmenntir ætlaðar ungu fólki og kanna stöðu skólabókasafna.

Ármann sagði að aldurinn 13–19 ára væri veikur hlekkur í máluppeldinu. Sífellt fleiri yfirgæfu íslenskuna sem lesendur um 13 ára aldur. Ásta sagði að lítið úrval væri af bókum fyrir unglunga (*young adult fiction*) hér á landi. Brynhildur sagði að unglingum sem læsu mikið væri ekki sinnt: fáir titlar og þýðingar á erlendum bókum. Sala væri lítil og forlög skirrtust því við að gefa út bækur fyrir unglunga. Steinunn nefndi að danskar bækur fyrir unglunga væru oft djarfari en íslenskar og meira krassandi. Ásta sagði að ef vinsæll höfundur kæmi upp sem semdi fyrir þennan aldurshóp gæti það skipt miklu. Þröstur sagði að það væri mjög erfitt að ná til ungs fólks á aldrinum 13–23 ára sem horfði lítið á sjónvarp og væri mest á netinu. Erfitt væri að búa til efni sem ekki yrði hallærislegt. Vel hefði tekist til með norsku þættina *Skam* sem slegið hefðu í gegn á Norðurlöndum. Melkorka nefndi að á þessum aldri væru menn mest að horfa hver á annan. Þröstur sagði einnig bagalegt að netið væri í raun ekki enn viðurkennt sem sjálfstæður miðill af stjórnkerfinu. Engir peningar fengjust til þróunar efnis sérstaklega fyrir það.

Ásta kom með hugmynd um að nýta miklar vinsældir svokallaðs *fan fiction*, þ.e. spunaskrifa byggðra á þekktum verkum eins og Harry Potter-bókunum með því að stofna vefvettvang fyrir slík skrif á íslensku. Hún sagði að slík skrif höfðu til ungs fólks því að það væru engar hömlur. Hún sagði að þetta væri ekki hugsað sem keppni heldur frekar samfélag þar sem unglingar gætu birt skrif sín og átt samskipti saman. Þröstur nefndi að hugsanlega mætti lesa bestu verkin upp í útvarpi. Steinunn minntist á ritlistarsamkeppnina Laxnesfjöðrina og smásagnasamkeppni sem haldin hefði verið í Hafnarfirði. Ekkert af þessu væri hins vegar í námskrá. Melkorka nefndi að mikilvægt væri að virkja kennara.

Formaður sagði að leggja þyrfti áherslu á að ná eyrum menntamálaráðuneytis og Menntamálastofnunar. Óskað verður eftir fundi sem fyrst með nýjum ráðherra.

Ákveðið var að skipa undirbúningshóp sem ætlað er að móta enn frekar áherslur næsta starfsárs á þessu sviði og skila tillögum til ÍM. Hópin skipa Ármann, Ásta Kristín og Þröstur.

Þórhildur tók að sér að kanna stöðu skólabókasafna fyrir málnefndina.

Hilmar lagði til að haldið yrði málþing ÍM um unglingsbækur í vor. Vel var tekið það. Í undirbúninghóp til að skipuleggja þingið verða Guðrún, Hilmar og Brynhildur. Ágústa Þorbergsdóttir verður hópnum til aðstoðar.

2. Önnur mál

a) Ný ábendingasíða ÍM

Ritari sagði frá nýrri undirsíðu á vefsvæði málnefndarinnar, sem hann hefði sett upp, þar sem safnað væri saman ábendingum ÍM til fyrirtækja og stofnana. Flestar snúa að notkun ensku. Hann sagði að slíkum ábendingum hefði fjölgað gríðarlega síðustu tvö ár og enskan sækti sífellt meir á. Þörf væri á að taka þessar ábendingar saman þannig að auðveldara væri að vísa í þær, m.a. fyrir fjölmiðla. Getið er þess á síðunni hvort ábendingunum hefur verið svarað. Slóðin á hana er www.islenskan.is/abendingar.

b) Vinna við nýja vefsíðu ritreglna ÍM

Sjá fg. stj. ÍM 7/2016, 3. lið. Jóhannes greindi frá því hvernig vinna við nýja vefsíðu ritreglna gengi. Sigrún Sigvaldadóttir hönnuður væri langt komin með hönnun á pdf-útgáfu sem verður fyrirmynd útlits vefsíðu ritreglnanna. Jóhannes hefur séð um samskipti við hönnuð.

c) Staðgengill ritara

Jóhannes ritari varð rannsóknarlektor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 1. september. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á málræktarsviði stofnunarinnar, mun verða staðgengill ritara næsta árið og hugsanlega lengur og sinna störfum Jóhannesar fyrir málnefndina.

Mál til bókanar:

Formaður sendi bréf 17. október 2016 til Ástu Magnúsdóttur ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis og afrit bréfs til Menntamálastofnunar um þau vandræði sem komu upp í sumum skólum þegar nemendur tóku í fyrsta sinn samræmd próf á tölvur í september. Vandinn kom fram í ritunarþætti prófsins í 7. bekk 22. september og var enn óleystur þegar fjórðubekkingar tóku prófið viku síðar. Morgunblaðið fjallaði um málið (*Broddstafirnir brugðust í íslenskuprófi*, sjá hér:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/09/22/broddstafirnir_brugdust_i_islenskuprofi/). Er ekki annað að sjá en forsvarsmönnum Menntamálastofnunar hafi þótt vandinn léttvægur, sbr. færslu á Facebook-síðu stofnunarinnar 30. september (*Með broddstafinn i kverkunum*) þar sem sleppt er sérhljóðabroddum. Formaður ÍM segir: „Í stað þess að harma rækilega mistökin og biðja alla nemendur, foreldra, kennara og skólastjóra afsökunar er Menntamálastofnun „með broddstafinn i kverkunum af anægju yfir því hvernig til tokst“ og skrifaður er texti þar sem allir broddstafir eru teknir út. Þetta á hugsanlega að vera fyndið en hvers konar skilaboð eru þetta til nemendanna? Mega allir skrifa að eigin geðþótta og vísa um það í snjalltækin?“

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi bréf 3. nóvember 2016 til Arnórs Guðmundssonar, forstjóra Menntamálastofnunar, og sambréf til Íslenskrar málnefndar þar sem ráðuneytið „óskar eftir umsögn Menntamálastofnunar um ábendingu þá sem felst í erindinu og mun í framhaldi af svari stofnunarinnar svara Íslenskri málnefnd“.

Líf Magneudóttir borgarfulltrúi hafði samband við málnefndina 26. október og greindi frá því að Reykjavíkurborg hygðist setja sér málstefnu og óskaði eftir aðstoð nefndarinnar. Formaður ræddi við Líf 27. október um frekari skref og benti á málstefnu stjórnarráðsins sem fyrirmynd. Stefnt er að því að skipa nefnd með tveimur fulltrúum borgarinnar og tveimur frá ÍM. Fulltrúar ÍM verða formaður og Hilmar Hilmarsson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.45. Stefnt er að því að næsti fundur ÍM verði í febrúar.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.